Nr. 18
2.
nóvbr.

# Opið brjef

um

nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til aukafundar 28. júlí 1886.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Með því að Vjer höfum með opnu brjefi, dagsettu í dag, leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allramildastur vilji Vor, að nýjar kosningar til alþingis fyrir næstu 6 ár skuli fara fram á tímabilinu frá 1. til 10. júní 1886, að báðum dögum meðtöldum.

Fyrir því bjóðum Vjer og skipum fyrir allramildilegast, að almennar kosningar til alþingis fari fram á nefndu tímabili samkvæmt ákvæðum laga 14. septbr. 1877 um kosningar til alþingis, og viljum Vjer samkvæmt 26. gr. nefndra laga allramildilegast ákveða, að kjörtíminn fyrir allar kosningar skuli talinn frá 1. júlí 1886.

Vjer höfum ennfremur allramildilegast ákveðið að alþingi skuli koma saman til aukafundar 28. júlí 1886, og viljum Vjer um þingtímann allramildilegast kveða svo á, að alþingi þetta megi eigi setu eiga lengur en mánuð. Bjóðum Vjer því hjermeð öllum þeim, er setu eiga á þessu þingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur kaupstaðar, og verður alþingi þá sett þar, eptir að guðsþjónustugjörð hefur farið fram í dómkirkjunni.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1885.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Aabent Brev,

Nr. 18.
2den
Novbr.

angaaende

## Udskrivning af nye Valg til Althinget samt Indkaldelse af samme til en overordentlig Samling den 28de Juli 1886.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Eftersom Vi ved aabent Brev af D. D. have opløst det nu værende Althing, er det Vor allernaadigste Vilje, at der i Tiden fra den 1ste til den 10de Juni 1886, begge Dage inklusive, skal foretages nye Valg til Althinget for de næste 6 Aar.

Thi byde og befale Vi herved allernaadigst, at der til det nævnte Tidspunkt bliver at afholde et almindeligt Valg af Medlemmer til Althinget, overensstemmende med de i Lov om Valgene til Althinget af 14de Septbr. 1877 foreskrevne Regler, og ville Vi i Henhold til bemeldte Lovs § 26 herved lige allernaadigst have fastsat, at Valgtiden for samtlige nye Valg bliver at regne fra 1ste Juli 1886.

Og da Vi derhos allernaadigst have besluttet at lade Althinget træde sammen til en overordentlig Samling den 28de Juli 1886, om hvilken Samlings Varighed Vi lige allernaadigst ville have fastsat, at den ikke maa udstrækkes udover en Maaned, befale Vi samtlige Medlemmer af bemeldte Althing, at de den nævnte Dag indfinde sig i Kjøbstaden Reykjavik, hvor da Althingets Aabning vil finde Sted efter forud afholdt Gudstjeneste i Domkirken.

Hvorefter alle Vedkommende sig allerunderdanigst have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 2den November 1885.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*